


## Listin að lifa, listin að deyja

Út er komin hjá JPV forlagi, bókin **Listin að lifa, listin að deyja** eftir **Óttar Guðmundsson** geðlækni. Þetta er fimmta bók Óttars en áður hefur hann gefið úr Íslensku kynlífsbókina, Tímenn og tárið, Það sem máli skiptir og skáldsöguna Kvennamaður deyr.

Bókin hefur að geyma hugleiðingar höfundar um líf og dauða en meginstef bókarinnar er sjálfur dauðinn og atferli hans að fornu og nýju. Óttar segir frá ýmsum atvikum og reynslu úr eigin lífi sem tengjast dauðanum og fjallar um mikilvægi dauðans varðandi trúarbrögð, heimspeki og allar listgreinar. Þjóðfélagsbreytingar liðinnar aldar, aukið langlífi þjóðarinnar, stórfenglegar uppgötvanir í læknisfræði og öðrum vísindum hafa haft mikil áhrif á atferli dauðans í samfélaginu. Dauðinn er hægfara og seinvirkur en ekki snöggur og hraður eins og áður á tímum umgangspesta og mikils ungbarnadauða. Á sama tíma hefur dauðinn fjarlægst út úr daglegum veruleika fólks og tekið sér bólfestu inni á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum. Í stað hins raunverulega dauða sem áður bjó meðal fólksins í landinu er kominn óraunverulegur fjölmiðladauði sem veldur því að dauðinn verður enn fjarlægari. Óttar telur að þessar breytingar hafi mikil áhrif á allt líf fólks og allt andlegt líf í landinu. Sá sem ekki kann að deyja, kann ekki heldur að lifa svo að meint fjarvera dauðans breytir öllum lífsviðhorfum og lífsnautn fólks. Umræða um breytt atferli dauðans hefur verið mjög áberandi í thanatólógíu evrópskra háskóladeilda og vitnar Óttar í hátt í 100 heimildir og bækur um dauðann.

Bókin er öðrum þræði þematengd ævisaga þar



sem dauðinn er sá öxull sem allt leikur um. Óttar gerir upp sakir við læknisstarfið, kirkjuna og vísindin og leitar á náðir skáldskapar og lista og reynir þannig að tengja vísindahyggju samtímans húmanisma fyrri alda. Hann fjallar um heimspeki og siðfræði sjálfsvíga, líknardrápa, endurlífana og gjörgæsludeilda og tengir saman fortíð og nútíð. Er dauðinn helsti andstæðingur læknisfræðinnar eða tryggur samverkamaður og bandamaður? Af hverju eiga nútímalæknar svo erfitt með að setta sig við dauðann sem sjálfögð endalok lífsins? Hvenær missti læknisfræðin tengsl sín við heimspeki og húmanisma og hvarf inn á svið vélvæðingar og sérhæfingar?

Dauðinn er margslungið fyrirbæri sem er þrátt fyrir allt forsenda lífsins sjálfs. Þessar flóknu tengingar lífs og dauða fjallar Óttar Guðmundsson um í bók sinni.

### Frá orlofsnefnd læknafélaganna

## Nýir umsjónarmenn

Í alllangan tíma hafa félagsmenn Læknafélags Íslands tekið að sér að hafa umsjón með húsnæði orlofsheimilásjóðs læknafélaganna, eða haft húsnæði í fóstri eins og stundum hefur verið orðað. Umsjónarmenn hafa til dæmis fylgst með því að nauðsynlegt viðhald og endurnýjun fari fram. Nú hafa nýir umsjónarmenn tekið við húsnæði orlofsheimilásjóðs í Vaðnesi og við Hreðavatn.

**Jóhanna Björnsdóttir** sem lengi hefur haft Hreðavatnsbústaðinn í fóstri lætur af því en við tekur **Sveinn Magnússon**, Heilsugæslunni í Garðabæ, sími: 520 1800 eða í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sími: 560 9700.

Síðastliðið sumar var keypt orlofshús í landi Vaðness, þar sem orlofsnefndin hafði áður tekið heilsársbústað á leigu. Eignarbústaðurinn

stendur að Birkibraut 6. **Ólafur Stefánsson** hefur tekið við umsjón með eignarbústaðnum. Ólafur er á Heilsugæslustöðinni Efra Breiðholti, sími: 567 0200; netfang: olafur.stefansson@efrabr.hr.is

Sé einhvers vant á þessum orlofsstöðum eru gestir beðnir að koma upplýsingum þar um bæði til skrifstofu félagsins, sími: 564 4100 og eins til umsjónarmanns á hverjum stað.

### Engir símar

Fram til þessa hafa símar verið í orlofsíbúðum læknafélagsins í Reykjavík og á Akureyri og eins að Hreðavatni. Þessir símar hafa nú verið fjarlægðir þannig að hver og einn verður að huga að því að hafa með sér síma vilji menn vera í talsambandi.